

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

224. FUNDUR.

224. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 7. nóvember árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun ársins 2014 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2015-2017 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki. Fyrri umræða.

Lögð fram eftirfarandi tillaga Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2015-2017 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 21. nóvember nk..“ Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerðir nefnda:

Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 808. fundar frá 21. október s.l. Fundargerð í 7 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 4. dagkrarlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að taka 50% þátt í girðingarkostnaði v/ nýframkvæmdar girðingar milli Engjabrekku og Þorgrímsstaða alls 1,2 km. vírnetsgirðing á árinu 2014. Áætlaður stofnkostnaður gefinn út af Bændasamtökunum 2012 er alls kr. 863.850- m. vsk. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að afla álits lögmanns Bændasamtakanna á viðhaldsskyldu samgirðinga og kostnaði vegna eldri framkvæmda við girðingu milli Engjabrekku og Þorgrímsstaða.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Varðandi 6. lið fundargerðarinnar óskaði sveitarstjóri eftir því að bókað yrði að mállið væri til skoðunar hjá lögfræðingi sveitarfélagsins og lögfræðingum Sambands ísl. sveitarfélaga. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 809. fundar, frá 28. október s.l. Fundargerð í 4 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrarlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að skipa starfshóp er hafi það verkefni að fara yfir og rýna niðurstöður og tillögur stjórnsýsluúttektar Haraldar L. Haraldssonar á Brunavörnum Húnaþings vestra. Starfshópurinn skal skila tillögum sínum til sveitarstjórnar svo fljótt sem unnt er en eigi síðar en 1. febrúar nk. Starfshópurinn skipi Leó Örn Þorleifsson, oddviti, Skúli Þórðarson, sveitarstjóri, Elín Jóna Rósinberg, sveitarstjórnarmaður og Elín R. Líndal, sveitarstjórnarmaður. Starfshópurinn skal eftir þörfum kalla til og leita ráðgjafar hjá sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs, rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs, slökkviliðsstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 810. fundar, aukið byggðarráð frá 28. október s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 811. fundar frá 4. nóvember s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. **Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti**

Fundargerð 141. fundar. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. **Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti**

Fundargerð 143. fundar. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. **Fundargerð landbúnaðarráðs. Oddviti kynnti.**

Fundargerð 121. fundar. Fundargerð í 6 liðum. Borinn undir atkvæði 2 dagskrárliður fundargerðarinnar, Samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. **Fundargerð ungmennaráðs: Oddviti kynnti.**

Fundargerð 12. Fundar. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. **Viðaukar við fjárhagsáætlun Húnaþings vestra 2013.**

Lagðar fram tillögur um viðauka við fjárhagsáætlun 2013.

Viðauki a

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan viðauka sem er tilkominn vegna veikinda fastráðinna starfsmanna, hefur þurft að ráða einn starfsmann í 100% stöðu allt árið og annan í 50% starf í 7 mánuði. Því er gerð tillaga um að hækka laun og launatengd gjöld á skrifstofu sveitarfélagsins deild 2140 um kr. 5.900.000

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan viðauka um að hækka laun og launatengd gjöld stuðningsfulltrúa í grunnskólanum deild 04211 um kr. 3.100.000. Ástæða tillögunnar er að komið hefur fram villa í exelskjali sem notað var við áætlun launanna.

Gerð er tillaga um að hækka áætlaðar útsvarstekjur um kr. 9.000.000

Viðaukinn hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu áætlunarinnar þar sem um sömu fjárhæð er að ræða til hækkunar gjalda og tekna. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Viðauki b

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013 um að færa ónýtta fjárveitingu frá vatnsveitunni, aðveitukerfi Borðeyri yfir á hitaveituna dæluhús Borðeyri.

Eingöngu er um millifærslu fjármuna að ræða sem hefur ekki áhrif á niðurstöðu áætlunarinnar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Viðauki c

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að framlagðan viðauka um að hækka aðkeypta sérfræðiþjónustu, liður 21011 sveitarstjórn um kr. 1.000.000-

Gerð er tillaga um að hækka áætlaðar útsvarstekjur um kr. 1.000.000-

Viðaukinn hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu áætlunarinnar þar sem um sömu fjárhæð er að ræða til hækkunar gjalda og tekna.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Samþætting skólastarfs í Húnaþingi vestra.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ráða Harald L. Haraldsson, hagfræðing til að vinna úttekt, skýrslu og tillögur um mögulega samþættingu skólastarfs í Húnaþingi vestra. Til hliðsjónar eru skýrsla starfshóps starfsmanna Húnaþings vestra frá október 2012 um sama efni svo og önnur gögn er málinu tengjast. Í úttekt Haraldar skal m.a. fjallað um eftirtalin atriði: fagleg- og fjárhagsleg áhrif, íbúapróun, mannaflapörf, mötuneytismál, húsnæðismál og skólaakstur. Í störfum sínum skal Haraldur eftir því sem við á hafa samráð við starfshóp er skipaður var af sveitarstjórn Húnaþings vestra í desembermánuði 2012 svo og starfsmenn og stjórnendur Húnaþings vestra. Stefnt er að verklokum þann 15. janúar nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.16.51

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Gunnar Þorgeirsson

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.